

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 2015 í máli nr. E-915/2015:

Lýsing hf.

(Árni Ármann Árnason hrl.)

gegn:

Nathanael B. Ágústssyni

(Teitur Már Sveinsson hdl.)

Mál þetta sem dómtekið var 13. nóvember 2015 var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, 17. febrúar 2015, af Lýsingu hf., Ármúla 3, Reykjavík, á hendur Nathanael B. Ágústssyni, Kjarrheiði 3, Hveragerði.

Kröfur aðila

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur, til að greiða honum kr. 7.373.295,- auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 196.986,- frá 15.07.2009 til 15.08.2009, af kr. 395.175, frá þeim degi til 15.09.2009, af kr. 595.708,- frá þeim degi til 15.10.2009, af kr. 794.903,- frá þeim degi til 15.11.2009, af kr. 995.255,- frá þeim degi til 15.12.2009, af kr. 1.196.839,- frá þeim degi til 15.01.2010, af kr. 1.396.637,- frá þeim degi til 15.02.2010, af kr. 1.600.215,- frá þeim degi til 15.03.2010, af kr. 1.802.430,- frá þeim degi til 15.04.2010, af kr. 2.003.023,- frá þeim degi til 15.05.2010, af kr. 2.201.803,- frá þeim degi til 15.06.2010, af kr. 2.395.959,- frá þeim degi til 15.07.2010, af kr. 2.588.000,- frá þeim degi til 15.08.2010, af kr. 2.780.709,- frá þeim degi til 15.09.2010, af kr. 2.970.070,- frá þeim degi til 15.10.2010, af kr. 3.156.058,- frá þeim degi til 15.11.2010, af kr. 3.341.613,- frá þeim degi til 15.12.2010, af kr. 3.529.032,- frá þeim degi til 15.01.2011, af kr. 3.718.880,- frá þeim degi til 15.02.2011, af kr. 3.911.195,- frá þeim degi til 15.03.2011, af kr. 4.104.594,- frá þeim degi til 15.04.2011, af kr. 4.296.457,- frá þeim degi til 15.05.2011, af kr. 4.492.440,- frá þeim degi til 15.06.2011, af kr. 4.690.663,- frá þeim degi til 15.07.2011, af kr. 4.893.511,- frá þeim degi til 15.08.2011, af kr. 5.094.823,- frá þeim degi til 15.09.2011, af kr. 5.294.248,- frá þeim degi til 15.10.2011, af kr. 5.491.669,- frá þeim degi til 15.11.2011, af

kr. 5.689.937,- frá þeim degi til 15.12.2011, af kr. 5.892.174,- frá þeim degi til 15.01.2012, af kr. 5.927.751,- frá þeim degi til 15.02.2012, af kr. 5.963.230,- frá þeim degi til 15.03.2012, af kr. 5.999.348,- frá þeim degi til 15.04.2012, af kr. 6.035.750,- frá þeim degi til 15.05.2012, af kr. 6.071.757,- frá þeim degi til 15.06.2012, af kr. 6.107.598,- frá þeim degi til 15.07.2012, af kr. 6.143.437,- frá þeim degi til 15.08.2012, af kr. 6.176.908,- frá þeim degi til 15.09.2012, af kr. 6.211.754,- frá þeim degi til 15.10.2012, af kr. 6.246.933,- frá þeim degi til 15.11.2012, af kr. 6.283.106,- frá þeim degi til 15.12.2012, af kr. 6.319.110,- frá þeim degi til 15.01.2013, af kr. 6.355.430,- frá þeim degi til 15.02.2013, af kr. 6.391.519,- frá þeim degi til 15.03.2013, af kr. 6.425.954,- frá þeim degi til 15.04.2013, af kr. 6.458.512,- frá þeim degi til 15.05.2013, af kr. 6.491.654,- frá þeim degi til 15.06.2013, af kr. 6.525.122,- frá þeim degi til 15.07.2013, af kr. 6.558.559,- frá þeim degi til 15.08.2013, af kr. 6.591.755,- frá þeim degi til 15.09.2013, af kr. 6.625.252,- frá þeim degi til 15.10.2013, af kr. 6.658.950,- frá þeim degi til 15.11.2013, af kr. 6.692.590,- frá þeim degi til 15.12.2013, af kr. 6.725.226,- frá þeim degi til 20.12.2013, af kr. 6.743.726,- frá þeim degi til 15.01.2014, af kr. 6.775.665,- frá þeim degi til 15.02.2014, af kr. 6.807.262,- frá þeim degi til 15.03.2014, af kr. 6.838.891,- frá þeim degi til 01.04.2014, af kr. 6.918.407,- frá þeim degi til 15.04.2014, af kr. 6.949.843,- frá þeim degi til 15.05.2014, af kr. 6.981.282,- frá þeim degi til 15.06.2014, af kr. 7.012.944,- frá þeim degi til 15.07.2014, af kr. 7.044.551,- frá þeim degi til 15.08.2014, af kr. 7.076.488,- frá þeim degi til 15.09.2014, af kr. 7.108.343,- frá þeim degi til 02.10.2014, af kr. 7.277.090,- frá þeim degi til 15.10.2014, af kr. 7.309.016,- frá þeim degi til 15.11.2014, af kr. 7.341.152,- frá þeim degi til 15.12.2014, af kr. 7.373.295,- frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð kr. 243.637,- þann 28.07.2011. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er þess krafist að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati réttarins, auk virðisaukaskatts á málflytningaþóknun.

Atvik máls

Stefnandi í máli þessu er eignaleigufyrirtæki í merkingu 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stefndi er sjálfstæður atvinnurekandi á sviði byggingaframkvæmda og mannvirkjagerðar.

Þann 27. apríl 2005 gerðu stefnandi og Verktaki Leó ehf. með sér fjármögnunarleigusamning um flutningabifreið af tegundinni MAN TGA 35.530, fnr. RP-745, árg. 2005. Fékk samningurinn auðkennisnúmerið 117849. Seljandi bifreiðarinnar var Kraftur hf. Leigugreiðslur samkvæmt samningnum voru skv. 2. gr. hans, sbr. 2. mgr. 14. gr., tengdar gengi evru, Bandaríkjadals, japanskra jena og svissneskra franka.

Á tímabilinu frá 23. febrúar 2007 til og með 11. desember 2008 voru gerðar samtals sex skriflegar breytingar á samningnum. Fólu þær m.a. í sér að stefndi tók, 5. júlí 2007, ábyrgð á efndum samningsins og að samningstíminn var ýmist stytur eða lengdur og fjárhæðum skuldbreytt. Þá fékk samningurinn tvívegis nýtt auðkennisnúmer og ber hann nú auðkennisnúmerið 147528. Þá yfirtók stefndi, 11. desember 2008, allar skyldur og öll réttindi upphaflegs leigutaka gagnvart stefnanda auk þess sem Ólafur Jón Leósson, fyrirsvarsmaður fyrri leigutaka, tók sjálfskuldarábyrgð á efndum samningsins.

Með símskeyti til stefnda, 14. október 2014, lýsti stefnandi yfir riftun á framangreindum fjármögnunarleigusamningi vegna meintra vanskila stefnda á leigugreiðslum og öðrum greiðslum sem stefnda hefði borið að greiða skv. samningnum. Þá krafðist stefnandi skila á leigumun.

Í máli þessu er deilt um hvort víkja beri ákvæðum framangreinds fjármögnunarleigusamnings til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eða 36. gr. a., 36. gr. b. eða 36. gr. c., sömu laga, eða vegna brostinna forsendna. Þá deila aðila um skuldajafnaðarkröfu stefnda og hvort kröfur stefnanda séu að hluta fyrndar.

Málsástæður stefnanda og tilvísun til réttarheimilda

Stefnandi byggir á því að skuld stefnda, Nathanaels B. Ágústssonar, samkvæmt fjármögnunarleigusamningi, upphaflega nr. 117849 en nú nr. 147528, dags. 27. apríl 2005, að fjárhæð 7.394.690 krónur sé ógreidd auk dráttarvaxta, allt að frádreginni innborgun, 28. júlí 2011, að fjárhæð 243.637 krónur. Skuldin sé skv. eftirgreindum reikningum og sundurliðist þannig:

Nr. reiknings	Tegund reiknings	Tímabil	Gjalddagi	Fjárhæð
10954927	Leigureikningur	15.07.2009-14.08.2009	15.7.2009	196.986
10980654	Leigureikningur	15.08.2009-14.09.2009	15.8.2009	198.189
11005650	Leigureikningur	15.09.2009-14.10.2009	15.9.2009	200.533

11034173	Leigureikningur	15.10.2009-14.11.2009	15.10.2009	199.195
11057373	Leigureikningur	15.11.2009-14.12.2009	15.11.2009	200.352
11082519	Leigureikningur	15.12.2009-14.01.2010	15.12.2009	201.584
11110142	Leigureikningur	15.01.2010-14.02.2010	15.1.2010	199.798
11132631	Leigureikningur	15.02.2010-14.03.2010	15.2.2010	203.578
11155434	Leigureikningur	15.03.2010-14.04.2010	15.3.2010	202.215
11179110	Leigureikningur	15.04.2010-14.05.2010	15.4.2010	200.593
11200432	Leigureikningur	15.05.2010-14.06.2010	15.5.2010	198.780
11223146	Leigureikningur	15.06.2010-14.07.2010	15.6.2010	194.156
11234361	Leigureikningur	15.07.2010-14.08.2010	15.7.2010	192.041
11237822	Leigureikningur	15.08.2010-14.09.2010	15.8.2010	192.709
11244105	Leigureikningur	15.09.2010-14.10.2010	15.9.2010	189.361
11254812	Leigureikningur	15.10.2010-14.11.2010	15.10.2010	185.988
11259898	Leigureikningur	15.11.2010-14.12.2010	15.11.2010	185.555
11740746	Leigureikningur	15.12.2010-14.01.2011	15.12.2010	187.419
11740747	Leigureikningur	15.01.2011-14.02.2011	15.1.2011	189.848
11740748	Leigureikningur	15.02.2011-14.03.2011	15.2.2011	192.315
11740749	Leigureikningur	15.03.2011-14.04.2011	15.3.2011	193.399
11740750	Leigureikningur	15.04.2011-14.05.2011	15.4.2011	191.863
11740751	Leigureikningur	15.05.2011-14.06.2011	15.5.2011	195.983
11740752	Leigureikningur	15.06.2011-14.07.2011	15.6.2011	198.223

11740753	Leigureikningur	15.07.2011-14.08.2011	15.7.2011	202.848
11740754	Leigureikningur	15.08.2011-14.09.2011	15.8.2011	201.312
11740755	Leigureikningur	15.09.2011-14.10.2011	15.9.2011	199.425
11740756	Leigureikningur	15.10.2011-14.11.2011	15.10.2011	197.421
11740757	Leigureikningur	15.11.2011-14.12.2011	15.11.2011	198.268
11740758	Leigureikningur	15.12.2011-14.01.2012	15.12.2011	202.237
11753330	Framhaldsleiga		15.1.2012	35.577
11753331	Framhaldsleiga		15.2.2012	35.479
11753332	Framhaldsleiga		15.3.2012	36.118
11753333	Framhaldsleiga		15.4.2012	36.402
11753334	Framhaldsleiga		15.5.2012	36.007
11753335	Framhaldsleiga		15.6.2012	35.841
11753336	Framhaldsleiga		15.7.2012	35.839
11753337	Framhaldsleiga		15.8.2012	33.471
11753338	Framhaldsleiga		15.9.2012	34.846
11753339	Framhaldsleiga		15.10.2012	35.179
11753340	Framhaldsleiga		15.11.2012	36.173
11753341	Framhaldsleiga		15.12.2012	36.004
11753342	Framhaldsleiga		15.1.2013	36.320
11753343	Framhaldsleiga		15.2.2013	36.089
11753344	Framhaldsleiga		15.3.2013	34.435

11753345	Framhaldsleiga		15.4.2013	32.558
11753346	Framhaldsleiga		15.5.2013	33.142
11753347	Framhaldsleiga		15.6.2013	33.468
11753348	Framhaldsleiga		15.7.2013	33.437
11753349	Framhaldsleiga		15.8.2013	33.196
11753350	Framhaldsleiga		15.9.2013	33.497
11753351	Framhaldsleiga		15.10.2013	33.698
11753352	Framhaldsleiga		15.11.2013	33.640
11753353	Framhaldsleiga		15.12.2013	32.636
11719547	Vanrækslugjald 2013-10 RP 745		20.12.2013	18.500
11753354	Framhaldsleiga		15.1.2014	31.939
11753355	Framhaldsleiga		15.2.2014	31.597
11753356	Framhaldsleiga		15.3.2014	31.629
11737766	Bifreiðagjald RP 745 2014-01		1.4.2014	79.516
11753357	Framhaldsleiga		15.4.2014	31.436
11753358	Framhaldsleiga		15.5.2014	31.439
11753359	Framhaldsleiga		15.6.2014	31.662
11756625	Framhaldsleiga		15.7.2014	31.607
11765781	Framhaldsleiga		15.8.2014	31.937
11773784	Framhaldsleiga		15.9.2014	31.855
11775235	Þungaskattur RP 745. 1.tb. 14.		2.10.2014	89.176
11775245	Bifreiðagjald RP 745 2014-02		2.10.2014	79.571

11781004	Framhaldsleiga		15.10.2014	31.926
11787733	Framhaldsleiga		15.11.2014	32.136
11793883	Framhaldsleiga		15.12.2014	32.143
				7.373.295

Um sé að ræða ógreidda leigureikninga, bæði vegna grunn- og framhaldsleigu. Fjárhæð hvers leigureiknings hafi verið umreiknuð úr erlendum myntum yfir í íslenskar krónur, í samræmi við ákvæði 2. gr. og 14. gr. leigusamnings stefnanda og stefnda. Nánari sundurliðun á þeim útreikningum sé að finna á umræddum leigureikningum sem lagðir hafi verið fram við þingfestingu málsins. Jafnframt sé krafist greiðslu vegna vanrækslugjalds, bifreiðagjalda og þungaskatts. Umræddar kröfur séu ógreiddir reikningar, sem stefnandi hafi greitt en stefnda beri að greiða samkvæmt fjármögnunarleigusamningi aðila, sbr. 26., 27. og 29. gr. samningsins. Stefnandi hafi endurkafið stefnda um þennan kostnað með útgáfu reikninga, sem stefndi hafi ekki greitt. Dráttavextir reiknist frá gjalddaga hvernar leigugreiðslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Gjaldalagi leigugreiðslna komi fram í leigusamningi aðila, svo og í útgefnum reikningum. Dráttarvextir á reikninga vegna útlagðs kostnaðar, sem stefnandi hafi greitt en stefnda borið að greiða, reiknist frá gjalddaga hvers reiknings, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Hvað þá kröfu stefnda varði að víkja beri samningi aðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 byggi stefnandi á því að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu ekki uppfyllt. Sönnunarbyrðin fyrir því að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt hvíli á stefnda en hann hafi með engu móti sýnt fram á að skilyrðunum sé fullnægt. Stefnandi mótmæli því að samningur aðila sé í eðli sínu ósamngjarn. Um sé að ræða fjármögnunarleigusamning, sem bundinn sé gengi erlendra gjaldmiðla. Því fylgi gengisáhætta sem stefnda hafi verið kunnugt um. Þá hafi vaxtakjör samningsins verið hagstæðari en almennt hafi verið um ógengistryggða samninga. Skuldarasamband fyrri leigutaka og stefnanda sé stefnda óviðkomandi og geti stefndi ekki borið fyrir sig atvik samningsins gagnvart fyrri skuldara. Sú regla gildi í íslenskum rétti að samningur um yfirtöku skuldar hafi almennt ekki önnur réttaráhrif en þau sem aðilar samningsins hafi gagnert ætlað honum. Í því samhengi sé einnig á því byggt að samningur aðila sé skýr leigusamningur og um samningsformið hafi margsinnis verið fjallað í dómum Hæstaréttar. Í þeim málum hafi aldrei verið fallist á að samningar sambærilegir þeim sem um sé deilt í málinu væru ósamngjarnir heldur þvert á móti verið tekið fram að samningarnir væru skýrir og að ákvæði þeirra væru hefðbundin fyrir fjármögnunarleigusamninga. Af hálfu stefnanda sé því hafnað að efni samningsins hafi verið íþyngjandi fyrir stefnda. Þá sé með öllu ósannað og því mótmælt sem röngu að stefndi hafi tekið yfir samninginn í greiðaskyni og að alltaf hafi staðið til að fyrri leigutaki yrði aftur leigutaki. Stefnandi mótmæli því að röngu og ósönnuðu að atvik og aðstæður við samningsgerð aðila eigi að leiða til þess að samningi aðila verði víkið til hliðar. Þá sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að samningurinn hafi verið yfirtekinn til

málamynda. Því sé mótmælt að sú staðreynd að stefnandi sé fjármálafyrirtæki og stefndi einstaklingur í atvinnurekstri eigi að leiða til þess að víkja beri samningi aðila til hliðar. Stefnandi mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að til hafi staðið af hálfu stefnanda að skrá samninginn af nafni stefnda og þaðan af síður að samningurinn sé bersýnilega ósanngjarn vegna þessa. Þá sé á því byggt af hálfu stefnanda að stefndi hafi með engu móti sýnt fram á að það sé andstætt góðum viðskiptavenjum að stefnandi beri samninginn fyrir sig. Stefnandi mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi synjað um útgáfu afsals fyrir bifreið af tegundinni Volvo og krana af gerðinni Hiab sem og því að þeir kaupleigusamningar sem taki til bifreiðarinnar og kranans séu að fullu greiddir. Þá mótmæli stefnandi öllum fullyrðingum stefnda vegna meintra fullnaðarkvittana. Hvað varði tilvísun stefnda í ákvæði 36. gr. a – 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga sé því mótmælt að stefndi geti talist neytandi í skilningi ákvæðanna þar sem samningur aðila hafi verið gerður í atvinnuskyni hvað stefnda varði. Verði ekki fallist á það með stefnanda að stefndi sé ekki neytandi í skilningi fyrrgreindra ákvæða sé á því byggt að skilyrði ákvæðanna séu ekki uppfyllt hvað ógilding samningsins varði. Stefnandi mótmæli því að víkja beri samningi aðila til hliðar á grundvelli brostinna forsendna. Þá sé því mótmælt sem ósönnuðu og röngu að það hafi verið forsenda að samningurinn yrði færður aftur á nafn upphaflegs leigutaka. Stefnandi hafni því og mótmæli sem ósönnuðu og röngu að stefndi eigi gagnkröfu á hendur stefnanda enda hafi stefndi ekki sýnt fram á, á hvaða grundvelli krafan sé byggð. Stefnandi sé með gagnkröfu sinni að bera því við að hann hafi yfir að ráða fullnaðarkvittun fyrir svokölluðum viðbótarvöxtum. Dómstólar hafi í sumum tilfellum fallist á að undantekningarregla kröfuréttar um fullnaðarkvittanir sé uppfyllt. Bent sé á að um undantekningarreglu sé að ræða og hafi stefndi með engu móti sýnt fram á að skilyrði hennar séu uppfyllt. Stefnandi hafi eingöngu lagt fram samninga aðila ásamt endurútreikningum á þeim frá því í apríl 2011. Þessi gögn geti með engu móti talist vera til þess fallin að hægt sé að taka meinta gagnkröfu stefnda til greina. Þá hafi stefndi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að umræddir kaupleigusamningar aðila séu uppgreiddir, hvort um vanskil sé að ræða eða hver staða þeirra sé. Þar sem stefndi hafi ekki með neinu móti sýnt fram á eða lagt fram gögn sem styðji meinta gagnkröfu sína byggji stefnandi á því að hann eigi enga gagnkröfu. Stefnandi mótmæli einnig að meint gagnkrafa stefnda beri dráttarvexti frá þeim degi er endurútreikningar hafi farið fram. Stefnandi byggji á því að engar sérreglur gildi um tilkall til vaxta af ofgreiddu fé, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá hafi stefndi ekki krafið stefnanda um þessa meintu gagnkröfu og því séu engin skilyrði til þess að sú meinta krafa beri vexti. Hvað meinta fyrningu stefnukrafna varði byggji stefnandi á því að slit fyrningar hafi átt sér stað með innborgun stefnda inn á samning aðila, 28. júlí 2011, sbr. 14. gr. laga nr. 150/2007. Stefnandi byggji á því að á þeim tímapunkti hafi nýr fyrningarfrestur byrjað að líða, sbr. 20. gr. sömu laga. Stefnandi byggji einnig á því að með stefnu birtri, 19. febrúar 2015, hafi stefnandi slitið fyrningu og því séu engar kröfur eldri en fjögurra ára í skilningi 3. gr. laga nr. 150/2007 á máli þessu sem leiði aftur til þess að þau fyrningarsjónarmið sem stefndi haldi fram eigi ekki við. Beri því að fallast á kröfur stefnanda. Af hálfu stefnanda hafi verið fallið frá kröfum um útlagðan kostnað vegna vörslusviptingargjalds. Stefnandi mótmæli því að krafa hans um útlagðan kostnað vegna vanrækslugjalds, bifreiðargjalds og þungaskatt sé engum gögnum studd en í málinu sé að finna hreyfingaryfirlit frá tollstjóra sem sýni þau gjöld, sem stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða með samningnum og stefnandi krefjist endurgreiðslu á.

Hvað lagarök varði vísi stefnandi til almennra reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga og til ákvæða laga nr. 7/1936. Vaxtakröfur styðji stefnandi við 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki sé gerð krafa um virðisaukaskatt á málskostnað, sbr. lög nr. 50/1988, þar sem stefnandi sé virðisaukaskattsskyldur. Varnarþing stefnda byggi á 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en fram komi í 35. gr. fjármögnunarleigusamnings aðila að heimilt sé að höfða mál þetta fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Málsástæður stefnda og tilvísun til réttarheimilda

Stefndi byggir á því að víkja eigi samningi aðila til hliðar í heild sinni á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna, sem og ólögfesta ógildingarreglna samningaréttarins, þar sem bersýnilega ósanngjarnt sé af hálfu stefnanda að bera samninginn fyrir sig. Þessu til stuðnings vísi stefndi einkum til eftirfarandi. Samningur aðila sé í eðli sínu ósanngjarn gagnvart stefnda. Þannig sé um að ræða samning um fjármögnunarleigu sem bundinn sé gengi erlendra gjaldmiðla. Í kjölfar hruns íslensku krónunnar hafi greiðslur samkvæmt samningnum hækkað verulega á meðan samningsfjárhæðin hafi lítið breyst, þrátt fyrir greiðslu afborgana og innborgana þar fyrir utan. Hafi fjárhæð samningsins aðeins lækkað um rúmar þrjár milljónir króna þótt greitt hafi verið af samningnum frá því að hann var gerður í apríl 2005 og fram til ágúst 2009, auk nokkurra greiðslna þar á eftir, og greidd hafi verið innborgun inn á samninginn að fjárhæð 5.500.000 krónur. Þá hafi ábyrgðarmaður samningsins fallið frá. Að mati stefnda leiði þetta eitt og sér til þess að samningur aðila tejist ósanngjarn í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936, enda hljóti það í besta falli að teljast ósanngjarnt að annar aðili samnings skuli látinn bera alla áhættu af utanaðkomandi atburðum sem hann hafi enga stjórn á. Stefndi bendi á að við mat á því hvort samningur teljist ósanngjarn í skilningi 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 beri samkvæmt 2. mgr. sömu greinar að líta til efnis þess samnings sem um ræði. Bendi stefndi á að við það mat verði að taka tillit til þess að efni samningsins hafi verið afar íþyngjandi fyrir stefnda en ívilnandi fyrir stefnanda. Í því sambandi verði að líta til þess að stefndi hafi þurft að bera alla áhættu af þeim breytingum sem orðið hafi á höfuðstól samningsins og fjárhæð afborgana í kjölfar hins íslenska efnahagshruns. Stefndi hafi hins vegar enga áhættu þurft að bera vegna samningsins, enda hafi hagsmunir hans ráðið för við samningsgerðina. Þá verði að hafa í huga í þessu sambandi að stefndi hafi aldrei haft neitt forræði á efni samningsins eða skilmálum hans. Þannig hafi stefndi yfirtekið samninginn í greiðaskyni við vin sinn og félag, Ólaf Jón Leósson, sem rekið hafi félagið Verktaka Leó ehf. Þá hafi alltaf staðið til að félagið tæki samninginn yfir að nýju eftir að búið væri að ganga frá því uppgjöri sem þá hafi staðið yfir. Hafi nefndur Ólafur Jón og tekið á sig ábyrgð á efnis samningsins. Það hafi hins vegar aldrei komið til yfirtöku samningsins þar sem Ólafur Jón hafi látist áður en af því gæti orðið. Eftir sitji stefndi með bersýnilega ósanngjarnan samning sem hann hafi aldrei haft neitt forræði á og aldrei staðið til að yrði lengi á hans hendi. Að mati stefnda verði ekki, þegar verið sé að leggja mat á ósanngirni samningsins, lítið framhjá þessum sérstöku aðstæðum sem uppi hafi verið er hann

hafi tekið á sig samningsskuldbindingar upphaflega viðsemjanda stefnanda. Stefndi hafi aðeins yfirtekið samninginn til málamynda og í þeim tilgangi einum að aðstoða félagi sinn í þrengingum hans. Mannlegur harmleikur hafi hins vegar orðið til þess að stefndi hafi setið uppi með samninginn, sem hann hafi engan þátt átt í að gera og engu ráðið um hvers efnis væri. Í ljósi þessara aðstæðna verði svo ósamngjarn samningur ekki talinn skuldbindandi fyrir stefnda. Stefndi bendi á að við mat á samningi aðila verði með hliðsjón af ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 að hafa í huga þá yfirburðastöðu sem stefnandi hafi verið í við samningsgerðina, bæði þegar samningurinn hafi verið gerður og þegar stefndi hafi yfirtekið hann. Bendi stefndi á að stefnandi sé fjármálafyrirtæki sem afli sér tekna með lánastarfsemi og hafi á að skipa sérþekkingu á því sviði. Samningurinn hafi verið saminn af sérfræðingum stefnanda og eigi það sama við um samkomulag það er stefndi hafi skrifað undir, þegar hann hafi yfirtekið samninginn. Skilmálar samningsins hafi verið samdir einhliða af hálfu stefnanda og þeim komið fyrir með smáu lettri á sérblöðum sem fylgt hafi með meginefni samningsins. Stefndi hafi hins vegar hvergi komið nærri þessari vinnu fyrir utan það eitt að skrifa nafn sitt undir samkomulagið. Þá hafi stefndi enga sérstaka þekkingu eða reynslu af viðskiptum af þessu tagi. Stefndi hafi aðeins yfirtekið samninginn nokkrum árum eftir að hann hafi verið gerður. Það hafi hann gert í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem áður sé lýst. Hafi stefnandi verið fullkunnugt um ástæður og aðdraganda þess að stefndi hafi yfirtekið samninginn. Staða aðila hafi því verið eins ólík og hugsast geti, þar sem stefndi hafi tekið yfir samning, sem stefnandi hafi búið til og annar aðili skrifað undir. Sé samkvæmt því enn ósamngjarnara en ella að stefnandi beri samninginn fyrir sig gagnvart stefnda. Stefndi bendi jafnframt á að við mat á því hvort víkja beri samningi aðila til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 verði ekki litið framhjá þeim aðstæðum sem uppi hafi verið er stefndi hafi yfirtekið samninginn og þeirra atburða sem átt hafi sér stað í kjölfarið. Líkt og áður sé rakið hafi samningurinn aldrei verið skráður af nafni stefnda eins og þó hafi staðið til. Hafi það komið til sökkum andláts áður nefnds Ólafs Jóns Leóssonar, félagi og vinar stefnda. Hafi þar verið um hörmulegan atburð að ræða sem stefnda hafi að sjálfsögðu verið ómögulegt að sjá fyrir, er hann hafi gengist undir samningsskuldbindinguna. Í ljósi þessara hörmulegu og ófyrirsjáanlegu atvika sé að mati stefnda bersýnilega ósamngjarnt af hálfu stefnanda að bera samninginn fyrir sig. Að lokum bendi stefndi á að það sé andstætt góðum viðskiptavenjum af hálfu stefnanda að bera samning aðila fyrir sig. Árétti stefndi í því sambandi að stefnandi sé fjármálafyrirtæki í skilningi 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og beri því að haga starfsháttum sínum í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laganna. Á stefnanda hvíli því ríkar skyldur til að haga starfsemi sinni á þann veg að eðlilegir viðskiptahættir fái notið sín. Stefndi bendi á að sú háttsemi stefnanda að nýta sér aðstöðu sína gagnvart sér til að krefja sig um fullar efnir á samningi þeim sem um sé deilt í máli þessu en synja á móti um útgáfu afsals fyrir bifreið af tegundinni VOLVO FL10 og krana af tegundinni HIAB 220C, skv. kaupleigu-samningum aðila, sem stefndi hafi þegar greitt að fullu, eigi ekkert skylt við góða viðskiptahætti. Eigi það ekki hvað síst við í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi hafi verið er stefndi hafi yfirtekið umræddan samning og þeirra atburða sem síðar hafi gerst. Að mati stefnda sé slík háttsemi í besta falli andstæð góðum viðskiptaháttum og venjum og sýni svo ekki verði um villst að stefnandi neyti allra bragða við gæslu eigin hagsmuna á kostnað hagsmuna stefnda. Leiði það eitt og sér til þess að samningur aðila teljist ósamngjarn í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936. Stefndi bendi jafnframt sérstaklega á, í þessu sambandi, að endurútreikningur stefnanda á kaupleigu-samningum aðila virðist í fullkomnu ósamræmi við dóma

Hæstaréttar Íslands frá 5. mars 2015 í málum nr. 625/2014 og nr. 626/2014. Verði þannig ekki annað séð en að stefnandi sé að krefja stefnda um viðbótarvexti og mismun afborgana fyrir tímabil sem stefndi hafi þegar staðið full skil á og fengið fullnaðarkvittanir fyrir. Samkvæmt því eigi stefndi kröfu á hendur stefnanda sem nemi mismuninum á þeim viðbótarvöxtum og viðbótarafborgunum, sem stefnandi hafi ranglega krafist stefnda um í kjölfar endurútreiknings síns. Sé framferði stefnanda vegna þess samnings, sem til umfjöllunar sé í þessu máli, enn á mælisverðari í því ljósi. Vísi stefndi að öðru leyti hvað þetta varði til umfjöllunar um gagnkröfu sína. Til viðbótar við framangreint telji stefndi að við mat á því hvort víkja beri samningi aðila til hliðar, verði að líta til ákvæða 36. gr. a, 36. gr. b og 36. gr. c, laga nr. 7/1936. Ákvæðin gildi um samninga, m.a. samningsskilmála, sem ekki hafi verið samið sérstaklega um, enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans en ekki liður í starfsemi hins. Ákvæðin gildi því óumdeilanlega um lögskipti stefnda og stefnanda þar sem stefnandi hafi atvinnu af gerð samninga eins og þess samnings sem stefndi hafi yfirtekið á meðan stefndi sé neytandi í skilningi ákvæðis 36. gr. a, laga nr. 7/1936. Stefndi bendi á að samkvæmt 36. gr. beri að túlka allan vafa um skýringu á stöðluðum samningi sem annar aðili noti í starfsemi sinni í viðskiptum við neytanda, neytandanum í hag. Þá leiði af 36. gr. c að við mat á því hvort samningur teljist ósanngjarn skuli ekki aðeins líta til þeirra atriða og atvika sem nefnd séu í 36. gr. laga nr. 7/1936 heldur einnig til skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Staða stefnanda og stefnda hafi verið ójöfn við samningsgerðina. Þá hafi stefnandi, eins og rakið hafi verið, gætt hagsmuna sinna með ráðum og dáð, m.a. með því að tengja samning aðila við tvo aðra samninga sem stefndi hafi þegar staðið full skil á. Að mati stefnda stríði sú háttsemi stefnanda gegn góðum viskiptaháttum og raski til muna jafnvæginu á milli réttinda og skyldna aðila, stefnda í óhag. Leiði það eitt og sér til þess að samningur aðila teljist ósanngjarn, sbr. 36. gr. c, laga nr. 7/1936. Með vísan til alls þess sem að framan sé rakið sé ljóst að samningur aðila sé svo bersýnilega ósanngjarn að víkja beri honum í heild sinni til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Leiði það og til þess að sýkna verði stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi byggi einnig sjálfstætt á því að víkja beri samningi aðila til hliðar á grundvelli meginreglu íslensks samningaréttar um brostnar forsendur. Bendi stefndi í því sambandi á að það hafi verið grundvallarforsenda af hans hálfu að samningurinn yrði færður aftur yfir á nafn upphaflegs samningsaðila stefnanda. Vegna andláts áður nefnds Ólafs Jóns Leóssonar, hafi hins vegar aldrei komið til þess að það væri gert. Samkvæmt því verði að líta svo á að þær forsendur sem stefndi hafi lagt til grundvallar þeirri ákvörðun sinni að yfirtaka margnefndan samning og stefnanda mátt vera ljósar, hafi brostið. Leiði það eitt og sér til þess að margumræddur samningur teljist ekki skuldbindandi fyrir stefnda. Verði þá þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Líkt og áður sé rakið telji stefndi ljóst að stefnandi hafi staðið ranglega að endurútreikningi sínum á kaupleigusamningum aðila. Verði þannig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að stefnandi hafi reiknað sér vexti á afborganir sem stefndi hefði þegar innt af hendi og fengið fullnaðarkvittanir fyrir. Sé sú framkvæmd í fullkomnu ósamræmi við nýfallna dóma Hæstaréttar Íslands frá 5. mars 2015 í málum nr. 625/2014 og nr. 626/2014 en í þeim málum hafi verið talið að ekki væri hægt að krefjast viðbótargreiðslna vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann. Af endurútreikningi stefnanda sjálfs verði ráðið að fjárhæð þessara viðbótarvaxta nemi

214.667 krónum vegna samnings nr. 813457 (427.865 – 213.198) og 77.573 króna vegna samnings nr. 813455 (158.039 – 80.466). Þá verði sömuleiðis ráðið að stefnandi hafi reiknað sér viðbótaraðborganir sem nemi 19.820 krónum vegna samnings nr. 813455 (1.101.299 – 1.081.479) og 271.059 krónum vegna samnings nr. 813457 (1.929.531 – 1.658.427). Eigi stefndi samkvæmt því kröfu á hendur stefnanda sem nemi að lágmarki 583.119 krónum. Verði ekki fallist á að víkja beri samningi aðila til hliðar, krefjist stefndi skuldajafnaðar á þeirri kröfu sinni við kröfu stefnanda, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Verður því í öllu falli að lækka kröfu stefnanda sem nemi gagnkröfu stefnda, en stefndi eigi rétt til dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af gagnkröfu sinni frá þeim degi er endurútreikningur stefnanda hafi farið fram.

Verði ekki fallist á að víkja beri samningi aðila til hliðar og sýkna stefnda af kröfum stefnanda, bendi stefndi á að samkvæmt 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, fyrnist almennar kröfur á fjórum árum. Kröfur stefnanda um leigugreiðslur, sem séu eldri en fjögurra ára frá birtingu stefnu, séu því fyrndar. Verði því í öllu falli að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda sem séu eldri en fjögurra ára.

Stefndi bendi jafnframt á að krafa stefnanda um útlagðan kostnað, sem samanstandi af vörslusviptingargjaldi, vanrækslugjaldi, bifreiðagjöldum og þungaskatti, sé ekki studd neinum gögnum. Um grundvöll kröfunnar vísi stefnandi til innheimtuseðla stefnanda á hendur stefnda, þ.á m. vegna umrædds kostnaðar. Þar sé hins vegar ekki að finna neina reikninga frá þeim aðilum sem þessi kostnaður stafir frá og hljóti að vera grundvöllur kröfu stefnanda að þessu leyti. Þar sem engin gögn liggja fyrir um fjárhæð þess ætlaða kostnaðar sem um ræði eða að stefnandi hafi greitt þann ætlaða kostnað, sé krafa stefnanda, hvað þetta varði, ósönnuð og verði því að sýkna stefnanda af henni og lækka kröfu stefnanda sem því nemi.

Máli sínu til stuðnings vísi stefndi til almennra meginreglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Þá vísi stefndi til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og þeirra meginreglna sem þau hvíla á. Stefndi vísi jafnframt til laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, einkum 36. gr. og 36. gr. a-c. Þá vísi stefndi til meginreglna samningaréttarins um brostnar forsendur. Stefndi vísi einnig til laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, einkum 3. gr. laganna, svo og til almennra tómlætissjónarmiða. Stefndi vísi jafnframt til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum 6. gr. laganna og til laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, einkum 1. og 19. gr. laganna. Þá vísi stefndi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, en krafa stefnda um málskostnað styðjist við XXI. kafla þeirra laga. Um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun vísist til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu deila aðilar um hvort víkja beri ákvæðum fjármögnunarleigu-samnings aðila til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa eða 36. gr. a, 36. gr. b eða 36. gr. c, sömu laga, eða vegna

brostinna forsendna. Þá deila aðila um gagnkröfu stefnda til skuldajafnaðar og hvort sýkna eigi stefnda að hluta vegna fyrningar. Í málinu er ekki tölulegur ágreiningur.

Af hálfu stefnda er á því byggt að víkja eigi fjármögnunarleigusamningi aðila til hliðar, í heild sinni eða hluta, á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, þar sem bersýnilega ósanngjarnt sé af hálfu stefnanda og í andstöðu við góða viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig. Málsástæður stefnda þessu til stuðnings eru einkum eftirfarandi: Um sé að ræða samning sem bundinn sé gengi erlendra gjaldmiðla og hafi stefndi þurft að bera alla áhættu af þeim breytingum sem orðið hafi á höfuðstól samningsins og fjárhæð afborgana, í kjölfar efnahagshrunsins og afleiðinga gengishruns íslensku krónunnar. Skilmálar samningsins hafi verið samdir einhliða af stefnanda sem haft hafi yfirburðastöðu við samningsgerðina, bæði þegar samningurinn hafi upphaflega verið gerður og þegar stefndi hafi yfirtekið hann. Sú háttsemi stefnanda að nýta sér aðstöðu sína gagnvart sér og krefja sig um fullar efndir á samningi þeim sem um sé deilt í máli þessu en synja sér hins vegar um afsal fyrir leigumunum skv. tveimur kaupleigusamningum aðila, sem verið hafi að fullu uppgerðir, sé í andstöðu við góða viðskiptahætti.

Auk framangreinds byggir stefndi á því að víkja beri fjármögnunarleigusamningi aðila til hliðar á grundvelli meginreglu íslensks samningaréttar um brostnar forsendur. Grundvallarforsenda hans fyrir yfirtöku samningsins hafi verið að samningurinn yrði færður aftur yfir á nafn upphaflegs leigutaka, þegar búið væri að ganga frá uppgjöri, sem þá hafi staðið yfir við stefnanda. Þetta hafi stefnanda verið eða mátt vera ljóst. Vegna andláts fyrirsvarsmanns fyrri leigutaka hafi hins vegar aldrei komið til þess að það væri gert. Stefndi hafi í raun yfirtekið samninginn til málamynda og í þeim tilgangi einum að aðstoða félagi sinni í þrengingum hans.

Þá byggir stefndi á því að víkja beri samningi aðila til hliðar með vísan til 36. gr. a., 36. gr. b. og 36. gr. c., laga nr. 7/1936. Ákvæði fjármögnunarleigusamnings aðila feli í sér staðlaða samningsskilmála í skilningi ákvæðanna, sem ekki hafi verið samið sérstaklega um, enda hafi samningurinn verið liður í starfsemi stefnanda en ekki stefnda.

Af hálfu stefnanda er öllum framangreindum málsástæðum stefnda hafnað enda hafi skilmálar fjármögnunarleigusamnings aðila ekki verið ósanngjarnir gagnvart stefnda eða brotið í bága við góða viðskiptahætti. Um sé að ræða skilmála sem séu í fullu samræmi við sérkenni og eðli fjármögnunarleigusamninga eins og það hugtak hafi verið skilgreint í lögum hér á landi. Þá hafi aðilar samið um að leigugreiðslur samkvæmt samningnum tækju breytingum samkvæmt breytingum á gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem í samningnum greini. Gengistrygging af þessu tagi hafi falið í sér áhættu sem stefnda hafi verið eða mátt vera ljós og fráleitt að hún hafi falið í sér sérstaka ósanngirni gagnvart honum. Þá sé því sérstaklega mótmælt að stefndi hafi verið neytandi í merkingu 36. gr. a., 36. gr. b. og 36. gr. c., laga nr. 7/1936, enda sé stefndi og hafi verið sjálfstæður atvinnurekandi. Þá sé því hafnað að víkja beri ákvæðum fjármögnunarleigusamningsins til hliðar vegna brostinna forsendna enda engin skilyrði til slíks þar sem stefnanda hafi ekki verið ljóst eða mátt vera ljóst að yfirtaka samningsins væri af hálfu stefnda á því reist að fyrri

leigutaki tæki samninginn aftur yfir.

Eins og áður greinir reisir stefnandi kröfu sína um að fjármögnunarleigusamningi aðila verði vikið til hliðar m.a. á 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins má víkja samningi til hliðar í heild eða hluta eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við sanngirnismatið skal skv. 2. mgr. líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Sanngirnismat samkvæmt ákvæðinu ræðst af heildarmati á þeim fjórum þáttum, sem tilgreindir eru í 2. mgr.

Af hálfu stefnda hafa ekki verið færð rök fyrir því að ákvæði fjármögnunarleigusamnings aðila feli í sér, hvað hann varðar, ósanngjarna samningsskilmála eða skilmála, sem séu andstæðir góðri viðskiptavenju, að undanskildum þeim ákvæðum sem mæla fyrir um tengingu leigugreiðslna við gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla, sbr. 2. gr og 2. mgr. 14. gr. Koma því önnur ákvæði samningsins en umrædd gengistryggingarákvæði ekki til sérstakrar skoðunar.

Fallast má á það með stefnda að stefnandi hafi, þegar stefndi yfirtók réttindi og skyldur fyrri leigutaka, 11. desember 2008, haft til muna sterkari samningsstöðu en stefndi. Hins vegar verður ekki séð að stefnandi hafi á einhvern hátt beitt þessari stöðu sinni gagnvart stefnda í þeim tilgangi að fá hann til að undirgangast þá samningsskilmála sem stefndi telur nú ósanngjarna og í andstöðu við góða viðskiptahætti. Er ekki annað upplýst en að stefndi hafi að eigin frumkvæði yfirtekið umræddan samning. Þá átti stefndi þess alltaf kost að leita sér sérfræðiaðstoðar við samningsgerðina, teldi hann þess þörf.

Ljóst er að leigufjárhæðir samkvæmt samningnum taka breytingum í samræmi við breytingar á gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem tilgreindir eru í samningnum. Þá er ljóst að stórfellt gengisfall íslensku krónunnar, í kjölfar bankahrunsins svonefnda, hafði veruleg áhrif á fjárhæð leigugreiðslna leigutaka í óhag. Stefnda mátti vera ljóst að yfirtaka á leigusamningi þar sem leigugreiðslur voru tengdar gengi erlendra gjaldmiðla fól í sér áhættutöku, ef til þess kæmi að gengi íslensku krónunnar veiktist verulega gagnvart þeim erlendu gjaldmiðlum sem í samningnum greinir. Verður stefndi að bera hallann af þeirri áhættu enda ósannað að það hafi verið forsenda eða ákvörðunarástæða stefnda að gengisþróun yrði með tilteknum hætti eftir yfirtöku samningsins og að stefnanda hafi verið eða mátt vera það ljóst. Þá verður ekki fallist á það með stefnda að einhver þau tengsl hafi verið milli aðila, hvað varðar uppgjör kaupleigusamninga aðila og umdeilds fjármögnunarleigusamnings, að varða eigi ógildingu fjármögnunarleigusamningsins, að öllu leyti eða hluta. Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á þá kröfu stefnanda að sýkna beri hann með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 þar sem samningur aðila hafi verið ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju. Þá er því enn fremur hafnað að ákvæði 36. gr. a., 36. gr. b. eða 36. gr. c., laga nr. 7/1936, geti átt við um skilmála fjármögnunarleigusamnings aðila þegar af þeirri ástæðu að ekki er hægt að skilgreina stefnda sem neytanda í merkingu tilvitnaðra ákvæða enda verður að telja að samningurinn hafi í meginatriðum verið liður í starfsemi hans sem sjálfstæðs atvinnurekanda.

Á stefnda hvílir sönnunarbyrði fyrir því að fjármögnunarleigusamningi aðila beri að víkja til hliðar vegna brostinna forsendna. Verður ekki talið, gegn andmælum

stefnanda, að honum hafi verið eða mátt vera ljóst að yfirtaka stefnda á skuldbindingum fyrri leigutaka væri á því reist og ákvörðunarástæða af hans hálfu að samningurinn yrði síðar færður að nýju yfir á nafn fyrri leigutaka. Verður þessari málsástæðu stefnda því hafnað. Því síður verður á það fallist að andlát fyrri leigutaki geti falið í sér brostna forsendu gagnvart stefnanda.

Gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar byggir á því að stefnandi hafi staðið ranglega að endurútreikningi á tveimur fyrirbyggjandi kaupleigusamningum aðila. Verði þannig ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að stefnandi hafi reiknað sér viðbótarvexti á afborganir sem stefndi hafi þegar innt af hendi og fengið fullnaðarkvittanir fyrir. Sé sú framkvæmd í fullkomnu ósamræmi við dóma Hæstaréttar Íslands frá 5. mars 2015 í málum nr. 625/2014 og nr. 626/2014. Af endurútreikningum stefnanda sjálfs verði ráðið að fjárhæð þessara viðbótarvaxta nemi 214.667 krónum vegna samnings nr. 813457 (427.865 – 213.198) og 77.573 krónum vegna samnings nr. 813455 (158.039 – 80.466). Þá verði sömuleiðis ráðið að stefnandi hafi reiknað sér viðbótarafborganir sem nemi 19.820 krónum vegna samnings nr. 813455 (1.101.299 – 1.081.479) og 271.059 krónum vegna samnings nr. 813457 (1.929.531 – 1.658.427). Eigi stefndi samkvæmt því kröfu á hendur stefnanda sem nemi að lágmarki 583.119 krónum. Verði ekki fallist á að víkja beri samningi aðila til hliðar, krefjist stefndi skuldajafnaðar á þeirri kröfu sinni við kröfu stefnanda, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Þá eigi stefndi rétt til dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af gagnkröfu sinni frá 13. apríl 2011, þegar endurútreikningur stefnanda hafi farið fram.

Af hálfu stefnanda er því hafnað sem ósönnuðu og röngu að stefndi eigi gagnkröfu á hendur honum enda hafi stefndi ekki sýnt fram það á hvaða grundvelli krafan sé byggð. Stefndi sé með gagnkröfu sinni að bera því við að hann hafi yfir að ráða fullnaðarkvittun fyrir svonefndum viðbótarvöxtum. Dómstólar hafi fallist á, í sumum tilfellum, að undantekningarregla kröfuréttar um fullnaðarkvittanir sé uppfyllt. Um undantekningarreglu sé að ræða og hafi stefndi með engu móti sýnt fram á að skilyrði hennar séu uppfyllt. Stefndi hafi eingöngu lagt fram kaupleigusamninga aðila ásamt endurútreikningum á þeim frá 13. apríl 2011. Þessi gögn geti ekki staðið undir gagnkröfu stefnda. Þá hafi stefndi ekki lagt fram nein göng sem sýni að kaupleigusamningar aðila séu uppgreiddir, hvort um vanskil sé að ræða eða hver staða þeirra sé. Þá sé því sérstaklega mótmælt að meint gagnkrafa stefnda beri dráttarvexti frá 13. apríl 2011. Stefndi byggir á því að engar sérreglur gildi um tilkall til vaxta af ofgreiddu fé, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá hafi stefndi ekki kafið stefnanda um þessa meintu gagnkröfu og því séu engin skilyrði til þess að sú krafa beri vexti.

Gagnkrafa stefnda á hendur stefnanda er hvað fjárhæð varðar reist á tveimur fyrirbyggjandi yfirlitum stefnanda vegna endurútreikninga á kaupleigusamningum aðila nr. 813457 og 813455. Er endurútreikningurinn sagður í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og nr. 471/2010. Mun með þeim tilvitnunum vera vísað til þess að gengistryggingarákvæði samninganna hafi reynst ólögsmæt og var yfirlitunum ætlað að sýna stöðu samninganna miðað við stöðu þeirra 13. apríl 2011 eftir endurútreikninga vegna ólögsmætra gengistrygginga. Þá liggur fyrir að endurútreikningurinn er hvað vexti varðar byggður á vöxtum samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 18. gr. þeirra laga eins og greininni var breytt með 1. gr. laga nr. 151/2010 og stefnandi þannig reiknað sér viðbótarvexti fyrir tímabilið 10. janúar 2008 til og með 10. apríl 2011.

Eins og áður er rakið vísar stefndi gagnkröfu sinni til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 625/2014 og nr. 626/2014. Einu gögnin sem liggja fyrir í málinu um greiðslur stefnda skv. kaupleigusamningum aðila eru áður tilvitnuð yfirlit stefnanda frá 13. apríl 2011 vegna endurútreiknings samninganna. Yfirlitin bera með sér að greiðslur stefnda hafi í meira en helmingi tilvika verið óskilvísar m.v. umsamda gjalddaga. Verður þannig ekki séð að festa hafi verið komin á við framkvæmd samninganna. Eins og áður er rakið námu viðbótarkröfur stefnanda vegna endurútreiknings á vöxtum vegna samnings nr. 813455, 77.573 krónum og vegna samnings nr. 813457, 214.667 krónum eða samtals 292.240 krónum. Þessar fjárhæðir, hvor í sínu lagi eða sameignlega, geta ekki talist verulegar m.v. hina gengistryggðu höfuðstóla samninganna, sem hvor um sig var að fjárhæð 2.000.000 króna. Verður þannig ekki séð að krafa um viðbótavexti hafi haft í för með sér verulega röskun á fjárhagslegum hagsmunum stefnda. Þá liggja ekki fyrir í málinu greiðslutilkynningar stefnanda vegna vaxta af kaupleigusamningum aðila eða kvittanir stefnanda vegna móttöku þessara greiðslna né er það viðurkennt af hálfu stefnanda að umræddum greiðslum hafi verið veitt viðtaka án fyrirvara.

Sá hluti gagnkröfu stefnda sem lýtur að endurútreikningi afborgana skv. kaupleigusamningum aðila og afleiddri kröfu er með öllu vanreifaður. Verður stefnandi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af þeim hluta gagnkröfunnar.

Með vísan til alls framangreinds verður gagnkröfu stefnda til skuldajafnaðar hafnað.

Af hálfu stefnda er á því byggt að sýkna beri hann af kröfum stefnanda vegna fyrningar. Skv. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist almennar kröfur á fjórum árum. Kröfur stefnanda um leigugreiðslur, sem séu eldri en fjögurra ára, frá birtingu stefnu séu því fyrndar og verði því í öllu falli að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda sem séu eldri en fjögurra ára.

Um fyrningu kröfuréttinda á grundvelli fjármögnunarleigusamnings aðila, sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008, fer eftir lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. 28. gr. laganna. Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu reikninga vegna leigu og annarra gjalda samkvæmt samningnum, sem fallið hafi í gjalddaga frá og með 14. ágúst 2009. Umrædd kröfuréttindi stefnanda fyrnast á fjórum árum skv. 3. gr. laga nr. 150/2007 og reiknast fyrningarfrestur frá gjalddögum hvers reiknings skv. 1. gr. 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 14. gr. laganna er fyrningu m.a. slitið þegar skuldari hefur gagnvart kröfuhafa beinlínis eða með atferli sínu viðurkennt skylduna, svo sem með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun höfuðstóls, verðbætur eða vexti. Framangreind tilvik eru aðeins nefnd í dæmaskyni og getur því t.d. greiðsla leigu á grundvelli fjármögnunarleigusamnings falið í sér viðurkenningu skyldu í merkingu ákvæðisins að því tilskyldu að kröfuhafi hafi haft ástæðu til að skilja aðgerðir skuldara á þá leið að hann kannist við að skuldin sé til staðar og lofi að greiða hana.

Af hálfu stefnanda er hvað meinta fyrningu varðar á því byggt að stefndi hafi hinn 28. júlí 2011 greitt leigugjöld samkvæmt fjármögnunarleigusamningi aðila sem féllu í gjalddaga 15. júní 2009 og hluta leigugjalda sem féllu í gjalddaga 15. júlí 2009, samtals 802.361 krónu. Hefur stefnandi þessu til sönnunar lagt fram í málinu afrit reiknings stefnanda vegna leigugjaldsins 15. júlí 2009 og afrit kvittunar stílaða

á stefnda, dags. 38. júlí 2011, m.a. vegna leigugjaldanna 15. júní og 15. júlí. Af hálfu stefnda er því mótmælt að hann hafi innt framangreindar leigugreiðslur af hendi. Stefndi hefur með framlagningu framangreindra gagna lagt líkur að því að stefndi hafi innt framangreindrar greiðslur af hendi. Hefur því ekki verið hrundið af stefnda. Er fallist á það með stefnanda að greiðslurnar hafi falið í sér viðurkenningu á gjaldfallinni skuld stefnda fyrir tímabilið 14. ágúst 2009 til 28. júlí 2011, í merkingu 14. gr. laga nr. 150/2007, og því rofið fyrningu skuldarinnar. Byrjaði því nýr fyrningarfræstur að líða frá og með 29. júlí 2011. Stefna í máli þessu var árituð um birtingu, 19. febrúar 2015, og er því málsástæðu stefnda um fyrningu stefnukrafna hafnað.

Stefndi byggir á að krafa stefnanda um útlagðan kostnað, sem samanstandi af vanrækslugjaldi, bifreiðagjöldum og þungaskatti sé engum gögnum studd. Um grundvöll kröfunnar vísi stefndi til innheimtuseðla stefnanda á hendur stefnda, þ. á m. vegna umrædds kostnaðar. Þar sé hins vegar ekki að finna neina reikninga frá þeim aðilum sem þessi kostnaður stafi frá og hljóti að vera grundvöllur kröfu stefnanda að þessu leyti. Þar sem engin gögn liggi fyrir um fjárhæð þess ætlaða kostnaðar sem um ræði eða að stefndi hafi greitt þann ætlaða kostnað, sé krafa stefnanda, hvað þetta varði, ósönnuð og verði því að sýkna stefnanda af henni og lækka kröfu stefnanda sem því nemi.

Í máli þessu er eins og áður greinir ekki deilt um fjárhæðir. Við aðalmeðferð málsins féll stefndi frá kröfum á hendur stefnda vegna svonefnds vörslusviptingargjalds en gerir eftir sem áður kröfu á hendur honum um endurgreiðslu svonefnds vanrækslugjalds, bifreiðagjalda og þungaskatts. Hefur stefndi hvað greiðsluskyldu varðar vísað til 26., 27. og 29. gr. fjármögnunarleigusamnings aðla, fyrirliggjandi reiknings á hendur stefnda vegna gjaldanna og hreifingaryfirlits frá Tollstjóra. Verður fallist á það með stefnanda að hann hafi sýnt nægilega fram á samningsbundna greiðsluskyldu stefnda hvað umrædd gjöld varðar og verður því fallist á þennan lið dómkröfu stefnanda.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.373.295 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 196.986 frá 15.07.2009 til 15.08.2009, af kr. 395.175, frá þeim degi til 15.09.2009, af kr. 595.708 frá þeim degi til 15.10.2009, af kr. 794.903 frá þeim degi til 15.11.2009, af kr. 995.255 frá þeim degi til 15.12.2009, af kr. 1.196.839 frá þeim degi til 15.01.2010, af kr. 1.396.637 frá þeim degi til 15.02.2010, af kr. 1.600.215 frá þeim degi til 15.03.2010, af kr. 1.802.430 frá þeim degi til 15.04.2010, af kr. 2.003.023 frá þeim degi til 15.05.2010, af kr. 2.201.803 frá þeim degi til 15.06.2010, af kr. 2.395.959 frá þeim degi til 15.07.2010, af kr. 2.588.000 frá þeim degi til 15.08.2010, af kr. 2.780.709 frá þeim degi til 15.09.2010, af kr. 2.970.070 frá þeim degi til 15.10.2010, af kr. 3.156.058 frá þeim degi til 15.11.2010, af kr. 3.341.613 frá þeim degi til 15.12.2010, af kr. 3.529.032 frá þeim degi til 15.01.2011, af kr. 3.718.880 frá þeim degi til 15.02.2011, af kr. 3.911.195 frá þeim degi til 15.03.2011, af kr. 4.104.594 frá þeim degi til 15.04.2011, af kr. 4.296.457 frá þeim degi til 15.05.2011, af kr. 4.492.440 frá þeim degi til 15.06.2011, af kr. 4.690.663 frá þeim degi til 15.07.2011, af kr. 4.893.511 frá þeim degi til 15.08.2011, af kr. 5.094.823 frá þeim degi til 15.09.2011, af kr. 5.294.248 frá þeim degi til 15.10.2011, af kr. 5.491.669 frá þeim degi til 15.11.2011, af kr. 5.689.937 frá þeim degi til 15.12.2011, af kr. 5.892.174 frá þeim degi til

15.01.2012, af kr. 5.927.751 frá þeim degi til 15.02.2012, af kr. 5.963.230 frá þeim degi til 15.03.2012, af kr. 5.999.348 frá þeim degi til 15.04.2012, af kr. 6.035.750 frá þeim degi til 15.05.2012, af kr. 6.071.757 frá þeim degi til 15.06.2012, af kr. 6.107.598 frá þeim degi til 15.07.2012, af kr. 6.143.437 frá þeim degi til 15.08.2012, af kr. 6.176.908 frá þeim degi til 15.09.2012, af kr. 6.211.754 frá þeim degi til 15.10.2012, af kr. 6.246.933 frá þeim degi til 15.11.2012, af kr. 6.283.106 frá þeim degi til 15.12.2012, af kr. 6.319.110 frá þeim degi til 15.01.2013, af kr. 6.355.430 frá þeim degi til 15.02.2013, af kr. 6.391.519 frá þeim degi til 15.03.2013, af kr. 6.425.954 frá þeim degi til 15.04.2013, af kr. 6.458.512 frá þeim degi til 15.05.2013, af kr. 6.491.654 frá þeim degi til 15.06.2013, af kr. 6.525.122 frá þeim degi til 15.07.2013, af kr. 6.558.559 frá þeim degi til 15.08.2013, af kr. 6.591.755 frá þeim degi til 15.09.2013, af kr. 6.625.252 frá þeim degi til 15.10.2013, af kr. 6.658.950 frá þeim degi til 15.11.2013, af kr. 6.692.590 frá þeim degi til 15.12.2013, af kr. 6.725.226 frá þeim degi til 20.12.2013, af kr. 6.743.726 frá þeim degi til 15.01.2014, af kr. 6.775.665 frá þeim degi til 15.02.2014, af kr. 6.807.262 frá þeim degi til 15.03.2014, af kr. 6.838.891 frá þeim degi til 01.04.2014, af kr. 6.918.407 frá þeim degi til 15.04.2014, af kr. 6.949.843 frá þeim degi til 15.05.2014, af kr. 6.981.282 frá þeim degi til 15.06.2014, af kr. 7.012.944 frá þeim degi til 15.07.2014, af kr. 7.044.551 frá þeim degi til 15.08.2014, af kr. 7.076.488 frá þeim degi til 15.09.2014, af kr. 7.108.343 frá þeim degi til 02.10.2014, af kr. 7.277.090 frá þeim degi til 15.10.2014, af kr. 7.309.016 frá þeim degi til 15.11.2014, af kr. 7.341.152 frá þeim degi til 15.12.2014, af kr. 7.373.295 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð kr. 243.637 þann 28.07.2011.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Þórður S. Gunnarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Stefndi, Nathanael B. Ágústsson, greiði stefnanda, Lýsingu hf., kr. 7.373.295 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 196.986 frá 15.07.2009 til 15.08.2009, af kr. 395.175, frá þeim degi til 15.09.2009, af kr. 595.708 frá þeim degi til 15.10.2009, af kr. 794.903 frá þeim degi til 15.11.2009, af kr. 995.255 frá þeim degi til 15.12.2009, af kr. 1.196.839 frá þeim degi til 15.01.2010, af kr. 1.396.637 frá þeim degi til 15.02.2010, af kr. 1.600.215 frá þeim degi til 15.03.2010, af kr. 1.802.430 frá þeim degi til 15.04.2010, af kr. 2.003.023 frá þeim degi til 15.05.2010, af kr. 2.201.803 frá þeim degi til 15.06.2010, af kr. 2.395.959 frá þeim degi til 15.07.2010, af kr. 2.588.000 frá þeim degi til 15.08.2010, af kr. 2.780.709 frá þeim degi til 15.09.2010, af kr. 2.970.070 frá þeim degi til 15.10.2010, af kr. 3.156.058 frá þeim degi til 15.11.2010, af kr. 3.341.613 frá þeim degi til 15.12.2010, af kr. 3.529.032 frá þeim degi til 15.01.2011, af kr. 3.718.880 frá þeim degi til 15.02.2011, af kr. 3.911.195 frá þeim degi til 15.03.2011, af kr. 4.104.594 frá þeim degi til 15.04.2011, af kr.

4.296.457 frá þeim degi til 15.05.2011, af kr. 4.492.440 frá þeim degi til 15.06.2011, af kr. 4.690.663 frá þeim degi til 15.07.2011, af kr. 4.893.511 frá þeim degi til 15.08.2011, af kr. 5.094.823 frá þeim degi til 15.09.2011, af kr. 5.294.248 frá þeim degi til 15.10.2011, af kr. 5.491.669 frá þeim degi til 15.11.2011, af kr. 5.689.937 frá þeim degi til 15.12.2011, af kr. 5.892.174 frá þeim degi til 15.01.2012, af kr. 5.927.751 frá þeim degi til 15.02.2012, af kr. 5.963.230 frá þeim degi til 15.03.2012, af kr. 5.999.348 frá þeim degi til 15.04.2012, af kr. 6.035.750 frá þeim degi til 15.05.2012, af kr. 6.071.757 frá þeim degi til 15.06.2012, af kr. 6.107.598 frá þeim degi til 15.07.2012, af kr. 6.143.437 frá þeim degi til 15.08.2012, af kr. 6.176.908 frá þeim degi til 15.09.2012, af kr. 6.211.754 frá þeim degi til 15.10.2012, af kr. 6.246.933 frá þeim degi til 15.11.2012, af kr. 6.283.106 frá þeim degi til 15.12.2012, af kr. 6.319.110 frá þeim degi til 15.01.2013, af kr. 6.355.430 frá þeim degi til 15.02.2013, af kr. 6.391.519 frá þeim degi til 15.03.2013, af kr. 6.425.954 frá þeim degi til 15.04.2013, af kr. 6.458.512 frá þeim degi til 15.05.2013, af kr. 6.491.654 frá þeim degi til 15.06.2013, af kr. 6.525.122 frá þeim degi til 15.07.2013, af kr. 6.558.559 frá þeim degi til 15.08.2013, af kr. 6.591.755 frá þeim degi til 15.09.2013, af kr. 6.625.252 frá þeim degi til 15.10.2013, af kr. 6.658.950 frá þeim degi til 15.11.2013, af kr. 6.692.590 frá þeim degi til 15.12.2013, af kr. 6.725.226 frá þeim degi til 20.12.2013, af kr. 6.743.726 frá þeim degi til 15.01.2014, af kr. 6.775.665 frá þeim degi til 15.02.2014, af kr. 6.807.262 frá þeim degi til 15.03.2014, af kr. 6.838.891 frá þeim degi til 01.04.2014, af kr. 6.918.407 frá þeim degi til 15.04.2014, af kr. 6.949.843 frá þeim degi til 15.05.2014, af kr. 6.981.282 frá þeim degi til 15.06.2014, af kr. 7.012.944 frá þeim degi til 15.07.2014, af kr. 7.044.551 frá þeim degi til 15.08.2014, af kr. 7.076.488 frá þeim degi til 15.09.2014, af kr. 7.108.343 frá þeim degi til 02.10.2014, af kr. 7.277.090 frá þeim degi til 15.10.2014, af kr. 7.309.016 frá þeim degi til 15.11.2014, af kr. 7.341.152 frá þeim degi til 15.12.2014, af kr. 7.373.295 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð kr. 243.637 þann 28.07.2011. Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Þórður S. Gunnarsson